

**42** niður á sýslufjelögin jafnaðarsjóðsgjaldi, að upphæð 3883 kr., fyrir árið 1894, 17. apríl. þótt upphæð þessi væri meira en fjórðungi hærrí en gjaldið hefir verið að meðaltali næst undan farin 3 ár.

**43** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um** 18. apríl. **flutning á þingstað** (ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaðurinn í Þingeyrarhreppi verði fluttur frá Meðaldal að Þingeyri, og sjái hreppsnefndin fyrir hæfilegu húsi til þinghaldanna.

**44** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um** 18. apríl. **hlunnindi handa sparisiði** (ágrip). — Með brjefi þessu voru sparisiðnum á Ísafirði endurveitt hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, um næstkomandi 10 ára tímabil, frá 11. júní þ. á., með venjulegum skilyrðum.

**45** **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi til húsabygginga** 18. apríl. **handa prestakalli** (ágrip). — Með brjefi þessu var með venjulegum skilyrðum veitt leyfi til þess að veðbinda tekjur Hvammsprestakalls í Dalaprófastsdæmi fyrir 3000 kr. láni til 28 ára, til þess að byggja á prestssetrinu nýtt timburhús, 14½ al. á lengd og 9½ al. á breidd, er komi í stað bæjarhúsa, er nú fylgja staðnum.

**46** **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli** 18. apríl. **til húsabóta á prestssetri** (ágrip). — Með brjefi þessu var leyft að veðbinda tekjur Setbergsprestakalls í Snæfellsnessprófastsdæmi fyrir 800 kr. láni til 24 ára til nauðsynlegra bóta á hinu núverandi húsi á prestssetrinu.

**47** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, um gjöld til fulltrúa stjórn-** 18. apríl. **arinnar á aukapönginu 1894.** — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland, hefur hans hátígn konunginum 12. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á aukapönginu 1894 sje ákveðin 1000 krónur.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild stjórnartíðindanna.

**48** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandferðir samkvæmt ferðaáætlun** 18. apríl. **alþingis.** — Vegna þess að hinar fyrirhuguðu strandferðir kringum Ísland, sem veittar eru til 25000kr. á ári í 12. gr. b. a. 2. í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895, hafa ekki getað komizt á, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stórnartíðindanna, hvað gjört hefur verið til þess að koma nefndu fyrirtæki í kring.